

**3195. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. nóvember 2016 og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfssdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Ingibjörg Pálmaðóttir áheyrnarfulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd

34. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 9. október 2016.
35. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 18. október 2016.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

2. 1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga

843. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. 1602030 - Fundargerðir 2016 - Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

139. fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 7. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. 1611053 - Krafa frá kennurum til sveitarfélaga

Erindi og undirskriftarlisti frá kennurum í grunnskólum á Akranesi vegna kjaramála.

Bæjarráð tekur undir mikilvægi þess að ná sátt í kjaradeilu kennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga en deilunni hefur nú verið vísað til embættis ríkissáttasemjara. Að mati bæjarráðs vinna kennrarar á Akranesi frábært starf í skólunum sem ber að meta. Bæjarráð getur þó ekki tekið undir það að sveitarfélög á Íslandi hafi almennt sýnt metnaðarleysi þegar kemur að rekstri grunnskóla enda hafa framlög til skólamála aukist hlutfallslega frá því að málaflokkurinn var tekinn yfir af ríkinu.



5. 1610129 - Akranesviti á Breið - leigusamningur

Afnotasamningur ásamt viðhaldsáætlun um Akranesvita.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning við Vegagerðina um greiðslu 750 þúsund króna á ári vegna afnota af Akranesvita. Í tengslum við samninginn var einnig lögð fram áætlun um viðhald á vitanum fyrir næsta ár en gert er ráð fyrir bæði hefðbundu viðhaldi og sérstökum aðgerðum. Hefðbundið viðhald er að kústa vitann, laga sprungur og steypuskemmdir utanhúss, mála ljóshúsið að utan og innan og yfirfara útisvalir og mála. Einnig verður lúga út á svalirnar yfirfarin og máluð. Annað viðhald sem stefnt er að því að fara í vorið 2017 er að styrkja sjóvörn, skipta út hleðslugleri (gluggar) í vitanum og laga steypta stétt umhverfis vitann sem er töluvert sprungin.

Útgjöldum vegna ársins 2016 verður mætt af liðnum 20830-4980. Útgjöldum vegna ársins 2017 er vísað til fjárhagsáætlunar.

6. 1611059 - Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2017

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2017.

Fjárhagsáætlun Heilbrigðisnefndar Vesturlands árið 2017 samþykkt og vísað til fjárhagsáætlunargerðar.

7. 1604025 - Sorphirða á Akranesi og í Borgarbyggð - útboð

Kynning á stöðu útboðs vegna sorphirðu á Akranesi.

Farið yfir stöðu útboðs vegna sorphirðu á Akranesi en skipulags og umhverfisnefnd hefur hafnað tilboðum frá Gámaþjónustu Vesturlands og Íslenska Gámafélaginu ehf. þar sem tilboðin voru langt yfir kostnaðaráætlun.

8. 1611060 - Úrskurður Kjararáðs um laun forseta Íslands, þingfararkaup alþingismanna og launakjör ráðherra

Úrskurður Kjararáðs lagður fram til kynningar.

Farið yfir úrskurð Kjararáðs frá 30. október síðastliðinn. Laun bæjarfulltrúa á Akranesi taka mið af kjorum þingmanna og eru 19 % af þingfararkaupi. Laun bæjarstjóra og annarra embættismanna hjá Akraneskaupstað taka ekki mið af ákvörðun Kjararáðs, heldur af almennum kjarasamningum. Bæjarráð samþykkir að fresta framkvæmd á fyrirhugaðri hækku.

9. 1609090 - Starf fjármálastjóra Akraneskaupstaðar

Staða á ráðningu fjármálastjóra hjá Akraneskaupstað.

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs kynnir feril við ráðningu fjármálastjóra Akraneskaupstaðar.

10. 1608178 - Eldvarnabandalagið - eldvarnaeftirlit hjá Akraneskaupstað

Greinargerð um samstarf Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins um auknar eldvarnir.

Bæjarráð þakkar þeim Garðari H. Guðjónssyni verkefnastjóra hjá Eldvarnabandalaginu, Sæðisi Sigurmundsdóttur verkefnastjóra hjá Akraneskaupstað og Þránni Ólafssyni slökkviliðsstjóra fyrir greinargóða skýrslu um sameiginlegt verkefni Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalagsins um eldvarnir á stofnunum bæjarins og á heimilum starfsmanna. Einnig þakkar bæjarráð starfsmönnum og stjórnendum Akraneskaupstaðar og Eldvarnabandalaginu fyrir þetta mikilvæga verkefni.


11. 1611011 - Reglugerð um heimagistingu o.fl.

Drög að nýrri reglugerð um heimagistingu og reglugerð um gististaði og veitingahús.

Reglugerðirnar lagðar fram til kynningar.

Bæjarstjóra falið að koma á framfæri athugasemdum m.a. varðandi 34. gr. og 39. gr. reglugerðar um gisti- og veitingastaði.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.



The image shows several handwritten signatures in blue ink, likely from the 34th and 39th districts mentioned in the text above. The signatures are somewhat cursive and overlapping, making individual names difficult to decipher precisely. They appear to be official or semi-official signatures, possibly from local government or community members.